

Mál nr. 15/1999

**M v/bifreiðarinnar A
og
Vátryggingafélagið X v/ábyrgðartryggingar v/verktakafyrirtækis.**

Skemmdir á bifreið þann 21.07. 1998

Gögn.

1. Málskot móttakið 21.01. 1999.
2. Skýrslur lögreglu.
3. Bréf vátryggingafélags bifreiðarinnar A, dags. 27.08. 1998 til lögreglu þar sem óskað er skýrslutöku forráðamanns verktakafyrirtækisins.
4. Grjót sem talið er að hafi valdið skemmdum á bifreiðinni.
5. Ljósmyndir af aðstæðum þar sem tjónið varð.
6. Bréf vátryggingafélagsins X til nefndarinnar dags. 04.02. 1999.
7. Niðurstaða Tjónanefndar vátryggingarfélaganna nr. 18/1999.

Málsatvik.

Þann 21.07. sl. beygði ökumaður bifreiðinni, A, af Vesturlandsvegi inn á afleggjarann að Lágafellskirkju. Bifreiðin mun hafa tekið niðri á miðshæð og við það hafi komið gat á olíupönnu bifreiðarinnar. Á vettvangi hafði verktakafyrirtækið unnið að skurðgreftri daginn áður en óhappið varð. Forráðamaður þess hafnar bótaábyrgð vegna skemmda á bifreiðinni. Uppgröfturinn hafi verið lagaður og þjappaður með plötupjöppu og yfirborðið verið slétt miðað við malbik beggja vegna við uppgröftinn. Að uppgrafið efni hafi eðlilega verið notað aftur til uppfyllingar. Af ljósmyndum megi dæma að ökumaður bifreiðarinnar hafi farið yfir á rangan vegarhelming á leið sinni af Vesturlands-vegi. Verktakafyrirtækið og vátryggingafélag þess, telja að ökumaðurinn hafi ekið óvarlega og að hann beri sjálfur ábyrgð á tjóninu. Fram kemur og að Rafmagnsveita Reykjavíkur hafi átt að sjá um að malbika þennan afleggjara að loknu þessu verki.

Málskotsaðilinn, eigandi bifreiðarinnar, vísar m.a. til 86. gr. umferðarlaga nr. 50/1987, þar sem fram kemur að þar sem vegavinna fer fram eða vegi er raskað af öðrum ástæðum þannig að hætta stafi af, er þeim sem stjórnar verki skylt að sjá um að staðurinn verði merktur á fullnægjandi hátt. Hann vekur og athygli á ljósmyndum sem upplýsa um aðstæður á vettvangi. Hann telur að ökumaður A hafi ekið eðlilega miðað við aðstæður og ekki getað brugðist nægjanlega hratt við er hann varð var við skurðinn vegna þess að hann hafi verið ómerktur. Hann vísar og til þess að tjónið hafi orðið í rökkri að kvöldlagi.

Vátryggingafélag bifreiðarinnar telur að verktakinn beri ábyrgð á tjóni bifreiðarinnar þar sem frágangi við skurðinn hafi verið ábótavant og engar merkingar sem vörðu við framkvæmdum.

Álit.

Þegar tekið er mið af fyrirliggjandi gögnum er ekki unnt að fallast á að sýnt hafi verið fram á bótaábyrgð verktakafyrirtækisins, frágangur á veginum var ekki með þeim hætti að það varði bótaábyrgð þess. Um misfelli var að ræða sem ökumenn verða að vera reiðubúnir að bregðast við.

Niðurstaða.

Ekki hefur verið sýnt fram á bótaábyrgð ábyrgðartryggingar verktakafyrirtækisins.

Reykjavík 23. febrúar 1999

Rúnar Guðmundsson hdl.

Valgeir Pálsson hrl.

Jón Magnússon hrl.